



Umhverfis- og skipulagsráð
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 1. september 2026
MSS26060100

Á fundi umhverfis og skipulagsráðs, dags. 24. júní 2026 var lögð fram að svohljóðandi bréf skrifstofu borgarstjórnar dags. 16. júní 2026 um tillögu *borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins*, sbr. 34. liður fundargerðar umhverfis og skipulagsráðs, dags. 24. júní 2026.

Borgarstjórn samþykkir að fela umhverfis- og skipulagsráði að móta og afgreiða tillögur sem hafa það að markmiði að leysa úr fjölþættum áskorunum og vandamálum sem snúa að bílastæðamálum í Reykjavík. Leitast verði við að mæta þeim sjónarmiðum sem fram hafa komið frá íbúum og atvinnurekendum í borginni. Með samþykktinni felur borgarstjórn umhverfis- og skipulagsráði að móta og afgreiða tillögur sem snúa meðal annars að eftirfarandi breytingum:

...7. Eiga samtal við hagaðila um ný sleppistæði fyrir sendla og vörudreifingu miðborginni svo greiða megi fyrir afhendingu vara.

Tillögunni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs á fundi umhverfis- og skipulagsráðs 24. júní 2026.

Umsögn:

Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar fagnar markmiðum tillögunnar að tryggja skilvirka og örugga vörudreifingu í miðborg Reykjavíkur og greiða fyrir afhendingu vara til atvinnurekenda á svæðinu.

Starfandi er samstarfshópur á vegum Reykjavíkurborgar þar sem fulltrúar borgarinnar og hagaðila í miðborginni koma saman til að ræða sameiginleg hagsmunamál og áskoranir. Vettvangurinn hefur reynst vel til upplýsingamiðlunar, samráðs og þróunar lausna í tengslum við aðgengi, umferðarmál og vörudreifingu. Þar má m.a. nefna staðsetningu og fyrirkomulag stæða fyrir vöruafhendingu.

Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar hefur um árábil átt í virku og góðu samstarfi við hagaðila í miðborginni vegna málefna sem tengjast vörudreifingu, aðkomu þjónustuaðila og umferðarmálum. Áfram verður lögð áhersla á reglulegt samtal og samráð við viðeigandi hagaðila við mótun lausna á þessu sviði.

Skrifstofan telur því að þegar sé til staðar virkt samráðsferli í tengslum við stæði fyrir sendla og vörudreifingaraðila í miðborginni, sem byggja megi frekara samtal á.

F. h. umhverfis- og skipulagssviðs

Bjarni Rúnar Ingvarsson
Deildarstjóri samgangna



Reykjavík